

Danska 7.bekkur

Markmið, kennsluaðferðir og kennarar

Markmið og kennsluaðferðir: Undirstöðuþáttur hvers tungumáls er orðaforðinn. Unnið er markvisst að því að nemendur tileinki sér innihaldsríkan orðaforða og noti hann á fjölbreyttan hátt. Á haustönn gengur dönskukennslan mest megnis út á það að kynnast tungumálinu og fá tilfinningu fyrir því. Viðfangsefni beinast fyrst og fremst að þeim sjálfum og nánasta umhverfi. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat og unnið er með tungumálið í gegnum hlustun, lesskilning, talað mál, ritun og menningarläsi. Reynt verður að koma til móts við þarfir allra með því að aðlaga námsefnið hverjum og einum. Stefnt verður þó að sömu markmiðum þó að nemendur fari ólíkar leiðir að því að ná þeim.

Kennarar: Lovísa Thompson, lovisa.thompson@seltjarnarnes.is

Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat. Markmiðin eru skýr þó að nemendur gætu þurft að fara ólíkar leiðir til þess að ná þeim. Unnin verða fjölbreytt verkefni sem reyna á ólíka hæfni. Nemendur fá lýsandi og uppbyggjandi endurgjöf. Dæmi um verkefni sem notuð verða við námsmat eru ritanir, lesskilningsverkefni, plaköt, myndbönd og upptökur. Stefnt er að því að nemandi viti ávallt hvar hann er staddur og hvað hann þurfi að gera til þess að ná settum markmiðum.

- Hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda eru metin í bókstöfum (A, B+, B, C+, C, D, L og Ó). Auk þess fá nemendur lokið eða ólokið fyrir verkefni í mentor.

Námsaðlögun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur vinna á eigin forsendum, eftir getu sinni og undir leiðsögn
- Kennarar veita bráðgerum nemendum tækifæri til að dýpka námsefnið hverju sinni
- Sérkennarar og faggreinakennarar vinna saman að því að finna leiðir og verkefni sem henta þroska og getu nemenda
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem geta ekki fylgt skólanámskrá

Hlutverk og vinnulag nemandans

Hér koma fram viðmið um:

Samskipti	Að eiga góð samskipti sín á milli sem og við starfsfólk skólans. Að áhersla sé lögð á virðinug. Umburðarlyndi og tillitssemi í öllum samskiptum.	Viðbrögð við ritstuld	Nemendur læra að virða hugverk annarra og þróa eigin færni í að skrifa og vinna á réttan hátt með heimildir. Viðbrögð: - Nemandi fær tækifæri til að vinna verkefnið að nýju með leiðsögn. - Við endurtekið brot fær nemandi D í einkunn og getur ekki skilað verkefninu inn að nýju. - Nemandi sem er uppvís að svindli á prófi fær undantekningarlaust D í einkunn.
Mæting og virkni í tímum	Nemendur eiga að mæta á réttum tíma með öll sín gögn. Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tíma enda fer meirihluti námsins fram í tímum. Það er undirstaða námsins.	Heimavinna og hjálpargögn	Nemendur skulu ávallt fara heim með námsbækur sínar í lok vikunnar og sýna foreldrum hvað hefur verið unnið í vikunni. Ef verkefni eru ekki kláruð í tíma þarf að vinna þau heima. Mikilvægt að fylgjast með á Mentor. Nemendur eru beðnir um að hika ekki við að óska eftir aðstoð frá kennara. Hún fer þá eftir þörfum hvers og eins.
Hlutverk nemenda	Að bera virðingu fyrir sér og öðrum og ábyrgð á eigin námi.	Hlutverk kennara	Bera virðingu fyrir sér og öðrum og hafa velferð og nám nemenda í fararbroddi.

Lykilhæfni í námsgrein

Lögð er áhersla á eftirfarandi lykilhæfniviðmið í námsgreininni:

Nemandi getur:

- valið úr ólíkum leiðum til miðlunar.
- nýtt sér leiðsögn og endurgjöf til að ná námsmarkmiðum.
- lært af mistökum og séð möguleika til framfara.

- áttað sig á hvert á að leita til að afla áreiðanlegra upplýsinga og miðlað þeim áfram á réttan og ábyrgan hátt.
- sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- sett sér persónuleg og námsleg markmið, ígrundað árangur og mistök.

Námsáætlun

Tímabil og viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat	Kennsluaðferðir	Námsefni
Lota 1 september At læra dansk + kroppen, tøj og farver Í þessari lotu kynnast nemendur tungumálinu, hljóðunum og grunnorðaförða. Einnig áher	<i>Nemandi getur:</i> • skrifað einfaldan texta með orðaförða úr efnisflokkum sem fengist er við (ritun). • hlustað eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu (hlustun). • spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst (samskipti). • fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu (lestur og lesskilningur). • sýnt að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir (menningarläsi). • flutt einfalt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa (frásögn).	Námsmatsverkefni lotunnar: • Hvem er det? (ritun og samskipti) • Orðaförðakönnun (menningarläsi) • Upplestur á viðtali (frásögn) • Et væsen (hlustun og áhorf) • Lesskilningstexti (lestur og lesskilningur)	Fjölbreyttar kennsluaðferðir verða nýttar. t.d. - Útlistunarkennsla - Vinnubókavinna - Skriflegar æfingar - Lesið, spurt og svarað - Námsleikir	Lesbókin START Vinnubókin START sem leiðir nemandann áfram í vinnu með bókina. Ljóð eftir Halfdan Rasmussen Efni á netinu og Classroom

Lota 2 október-nóvember Familien Í þessari lotu er lögð áhersla á orðaforða sem tengist fjölskyldunni.	<i>Nemandi getur:</i> • sýnt að hann þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins (menningarlæsi). • skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við (ritun). • skilið megininntak einfaldra rauntexa með stuðningi ef þarf (lestur og lesskilningur). • spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst (samskipti)	Námsmatsverkefni lotunnar: • Orðaforðakönnun (menningarlæsi) • Ættartré (ritun og menningarlæsi) • Lesskilningstexti (lestur og lesskilningur) • Viðtal við fjölskyldumeðlim (samskipti)	Fjölbreyttar kennsluaðferðir verða nýttar. t.d. - Útlistunarkennsla - Vinnubókavinna - Skriflegar æfingar - Lesið, spurt og svarað - Námsleikir	Lesbókin START Vinnubókin START sem leiðir nemandann áfram í vinnu með bókina. Ljóð eftir Halfdan Rasmussen Efni á netinu og Classroom
Lota 3 desember Jul og digter Í þessari lotu er lögð áhersla á orðaforða sem tengist dönskum jólum og hópverkefni úr ljóðum.	<i>Nemandi getur:</i> • flutt einfalt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa (frásögn).	Námsmatsverkefni lotunnar: • Hópverkefni úr ljóðum (frásögn)	Fjölbreyttar kennsluaðferðir verða nýttar. t.d. - Útlistunarkennsla - Vinnubókavinna - Skriflegar æfingar - Lesið, spurt og svarað - Námsleikir	Lesbókin START Vinnubókin START sem leiðir nemandann áfram í vinnu með bókina. Ljóð eftir Halfdan Rasmussen Efni á netinu og Classroom
Lota 4 janúar Hjemmet Í þessari lotu er lögð áhersla á orðaforða sem tengist heimilinu	<i>Nemandi getur:</i> • skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við (ritun). • fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu (lestur og lesskilningur).	Námsmatsverkefni lotunnar: • Et billede af mit hjem (ritun) • Lesskilningstexti (lestur og	Fjölbreyttar kennsluaðferðir verða nýttar. t.d. - Útlistunarkennsla - Vinnubókavinna - Skriflegar æfingar - Lesið, spurt og svarað - Námsleikir	Lesbókin START Vinnubókin START sem leiðir nemandann áfram í vinnu með bókina. Ljóð eftir Halfdan Rasmussen Efni á netinu og Classroom

	hlustað eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu (hlustun og áhorf).	lesskilningur) Hlustunarpróf (hlustun og áhorf)		
Lota 5 febrúar Dagene, klokken og árstider Í þessari lotu er lögð áhersla á að nemendur kynnist dögnum, klukkunni og árstíðum.	<i>Nemandi getur:</i> - skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við (ritun). - skilið megininntak einfaldra rauntexa með stuðningi ef þarf (lestur og lesskilningur). - flutt einfalt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa (frásögn).	Námsmatsverkefni lotunnar: - En dag í mit liv (ritun) - Lesskilningstexti (lestur og lesskilningur) - Talnapróf (frásögn)	Fjölbreyttar kennsluaðferðir verða nýttar. t.d. - Útlistunarkennsla - Vinnubókavinna - Skriflegar æfingar - Lesið, spurt og svarað - Námsleikir	Lesbókin START Vinnubókin START sem leiðir nemandann áfram í vinnu með bókina. Ljóð eftir Halfdan Rasmussen Efni á netinu og Classroom
Lota 6 mars Grammatik Í þessari lotu er lögð áhersla á að nemendur vinni með algengar og einfaldar málfræðireglur í dönsku.	<i>Nemandi getur:</i> gert sér grein fyrir mismunandi siðum og hefðum á viðkomandi málsvæði (menningarlæsi).	Námsmatsverkefni lotunnar: Málfræðipróf (menningarlæsi)	Fjölbreyttar kennsluaðferðir verða nýttar. t.d. - Útlistunarkennsla - Vinnubókavinna - Skriflegar æfingar - Lesið, spurt og svarað - Námsleikir	Lesbókin START Vinnubókin START sem leiðir nemandann áfram í vinnu með bókina. Ljóð eftir Halfdan Rasmussen Efni á netinu og Classroom
Lota 7 apríl Danmark Í þessari lotu kynnast nemendur Danmörku og menningu landsins	<i>Nemandi getur:</i> - hlustað eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu (hlustun og áhorf). - fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu (lestur og lesskilningur).	Námsmatsverkefni lotunnar: - Hlustunarpróf (hlustun og áhorf) - Lesskilningstexti (lestur og	Fjölbreyttar kennsluaðferðir verða nýttar. t.d. - Útlistunarkennsla - Vinnubókavinna - Skriflegar æfingar - Lesið, spurt og svarað - Námsleikir	Lesbókin START Vinnubókin START sem leiðir nemandann áfram í vinnu með bókina. Ljóð eftir Halfdan Rasmussen Efni á netinu og Classroom

	sýnt að hann þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins (menningarlæsi).	lesskilningur) Orðaforðakönnun (menningarlæsi)		
Lota 8 maí Afsluttende opgave Í þessari lotu munu nemendur búa til lokaverkefni annarinnar með orðaforða sem þeir hafa lært í vetur.	<i>Nemandi getur:</i> - spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst (samskipti). - flutt einfalt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa (frásögn). - skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við (ritun).	Námsmatsverkefni lotunnar: Stuttmynd (samskipti, frásögn og ritun)	Fjölbreyttar kennsluaðferðir verða nýttar. t.d. - Útlistunarkennsla - Vinnubókavinna - Skriflegar æfingar - Lesið, spurt og svarað - Námsleikir	Efni á netinu og Classroom